



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. júní 2024

2405021SA VRB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, 1114. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, 1114. mál.

Í frumvarpinu er kveðið á um að við tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga bætist árlegt framlag ríkisins á árunum 2024–2027, sem Jöfnunarsjóður skal úthluta til þeirra sveitarfélaga sem bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

Forsaga málsins

Líkt og fram kemur í frumvarpinu þá gáfu ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga frá sér sameiginlega yfirlýsingu 7. mars 2024 til að greiða fyrir langtímakjarasamningum á vinnumarkaði. Eitt af þeim verkefnum sem þar voru tiltekin voru áform um gjaldfrjálsar skólamáltíðir á gildistíma kjarasamninga.

Um samráðið við sveitarfélögin

Í fyrrgreindri yfirlýsingu segir m.a. um gjaldfrjálsar skólamáltíðir:

„Ríki og sveitarfélög munu útfæra þetta í sameiningu fyrir lok maí 2024.“

Eftir töluverða eftirfylgni fékk Sambandið það í gegn að settur yrði á fót starfshópur til að útfæra verkefnið og tilnefndi Sambandi tvo fulltrúa úr stjórn og einn starfsmann til verksins enda einlægur vilji hjá Sambandinu til að reyna að finna lausn sem væri ásættanlega fyrir sem flesta. Frá ríkinu kom einn aðili úr innviðaráðuneytinu. Frumvarpið er hins vegar samið af aðila sem sat engan fund og tók ekkert tillit til vinnu hópsins.

Hópurinn fékk frumvarp til yfirlestrar, sem búið var að semja í ráðuneytinu, og eftir yfirferð fulltrúa Sambandsins sendu þeir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

- Fulltrúar sambandsins hefðu kosið að sleppa aðkomu Jöfnunarsjóðs en hafa skilning á því að það er einföld leið fyrir ríkið til að koma fjármunum til sveitarfélaga.
- Sambandið óskar eftir að kveðið sé á um að upphæðin verði endurskoðuð árlega. Um er að ræða fjögurra ára verkefni og því verður

að gera ráð fyrir að upphæðin þurfi að taka breytingum m.t.t. hækkaðs verðlags og fjölda barna, en sambandið hefur efasemdir um að árleg verðlagsuppfærsla fjárlaga sé fullnægjandi. Ef upphæðin er ekki endurskoðuð koma sveitarfélögin því til með að sitja uppi með stærri hluta af verkefninu en gert var ráð fyrir þ.e. 75/25 skiptingin helst ekki út tímabilið. Það má t.d. kveða á um að starfshópurinn sem fylgist með verkefninu fari árlega yfir þetta og geri tillögur að fjárhæð næsta árs. Verðlagsgrunnur á þessu ári og fjöldi barna um áramót sé tilgreindur til grundvallar upphæð frá ríki inni Jöfnunarsjóð.

3. Sambandið leggur til að ekki sé gerð krafa um að sveitarfélög sendi inn upplýsingar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir heldur sé kerfið einfaldað þannig að öll sveitarfélög fái greitt samkvæmt nemendafjölda en það sé tekið fram í ákvæðinu að greiðslan sé gerð með þeim formerkjum að hún renni til niðurgreiðslu skólamáltíða. Sveitarfélögum sé svo treyst fyrir því að nýta fjármagnið með þeim hætti. Það tryggir einnig jafnræði þar sem framlag ríkisins skilar sér til allra barna. Jöfnunarsjóður hefur nú þegar heimildir til að kalla eftir upplýsingum vegna úthlutana úr sjóðnum og það mætti þá t.d. fela starfshópnum að fá árlega upplýsingar frá sveitarfélögunum til að mæta kröfum um eftirlit með nýtingu fjármunanna. Hér er kjörið tækifæri til að vinna með traust á milli ríkis og sveitarfélaga.

Skemmst er frá því að segja að ekkert var komið til móts við athugasemdir Sambandsins. Þvert á móti var gengið lengra og upphæðin sem ríkið ætlar að leggja til verkefnins tekin út úr frumvarpinu, að kröfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins, með þeim rökum að hún ætti að koma á fjárlögum hvers árs en ekki í bráðabirgðaákvæði við lög um tekjustofna sveitarfélaga. Lýstu fulltrúar sveitarfélaganna yfir verulegum vonbrigðum með þá niðurstöðu.

Breytingar á frumvarpinu

Sambandið leggur mikla áherslu á að sú upphæð sem ríkið leggur inn í verkefnið verði endurskoðuð árlega út frá eftirfarandi forsendum og kveðið verði skýrt á um það í lögnum:

- Vegið meðaltal kostnaðar forráðamanna fyrir hverja máltíð grunnskólabarns er 585 kr. árið 2024.
- Fjöldi grunnskólabarna 1. janúar 2024
- Vísitölu neysliverðs í mars 2024.
- Markmiðið er að kostnaðarhlutfall milli ríkis og sveitarfélaga á hlut foreldra í máltíðum grunnskólabarna haldist 75% ríkið, 25% sveitarfélög út

samningstímann. Fyrst skal endurskoða upphæð haustið 2024 fyrir fjárlög 2025.

Afstaða sambandsins

Með vísan til alls framangreinds leggst Sambandið gegn því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd og óskar eftir samstarfi við þingnefndina um breytingar á frumvarpinu svo hægt sé að útfæra það í betri sátt við sveitarfélögin.

Tíma stjórnarmanna og starfsmanns Sambandsins var sóað í sýndarsamráð þar sem ekkert tillit var tekið til athugasemda eða leiða til að sætta mismunandi sjónarmið. Verulegar áhyggjur eru af því koma eigi kostnaði vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða smátt og smátt yfir á sveitarfélögin en gagnrýni sveitarfélaganna hefur að mestu einmitt snúist um það. Frumvarpið gefur heimild til ríkisins til að ákveða framlag ríkisins árlega í fjárlögum. Ef sú fjárhæð dugar ekki til að mæta 75% hlutanum þá eykst kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga án þess að þau hafi tækifæri til að bregðast við því. Verðlagsþróun og fjöldi barna hefur mikið um það að segja hver upphæðin verður á næstu árum og því er nauðsynlegt að upphæðin sé uppreiknuð á hverju ári. Ef það er raunverulegur vilji til að verkefnið nái fram að ganga verður að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem komið hefur verið á framfæri hér að framan, sér í lagi varðandi reglulega endurskoðun á fjárhæðinni þannig að kostnaðarskiptingin haldist raunverulega 75/25 eins og lagt er upp með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur